

## AUGLÝSING

**um breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 2005-2018,  
smábátahöfn á Leirunni.**

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 28. maí 2009 staðfest breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 2005-2018 frá 15. desember 2006.

Breytingin er fólgin í því að afmarkað er 5,1 ha opið svæði til sérstakra nota fyrir smábátahöfn á Leirunni með 50-100 bátalægjum og starfsemi siglingaklúbbs. Jafnframt er gert ráð fyrir nýrri 4,7 ha landfyllingu vestast á Leirunni norðan Leiruvegjar.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun yfirfarið erindið og sent ráðherra til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfisráðuneytinu, 28. maí 2009.*

F. h. r.

**Magnús Jóhannesson.**

\_\_\_\_\_  
*Logi Kjartansson.*

\_\_\_\_\_  
B-deild – Útgáfud.: 12. júní 2009